

Mjöll-Frigg ehf.  
Norðurhelli 10  
221 Hafnarfirði

Reykjavík, 20. maí 2021  
UST202005-192/H.I.I.  
07.06.02

### Niðurstöður eftirlits: Efnagreiningar á handsóttthreinum – CASP CORONA 2020

Þann 27. janúar 2021 fór Umhverfisstofnun í eftirlit með handsóttthreinsi hjá Mjöll-Frigg ehf. þar sem varan, Gerildehyðir Handspritt 85%, var valin af handahófi og innihaldið efnagreint. Rannsakað var hvort að upptalin innihaldsefni og uppgefið magn þeirra á merkimiða og í öryggisblaði væru í samræmi við niðurstöður efnagreiningar, sbr. 69. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 (BPR), c-lið 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008 (CLP) og II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (REACH) og jafnframt metið hvort að varan væri nægilega virk gegn SARS-CoV-2 veirunni sem veldur COVID-19 sjúkdómnum.

Niðurstöður úr efnagreiningu sýndu að uppgefin innihaldsefni og magn þeirra í öryggisblaði og á merkimiða vörunnar samræmast ekki mældu innihaldi og er frávik vegna þess sent til þóknarlegrar meðferðar hjá Neytendastofu, sem og frávik vegna villandi vöruheitis vörunnar. Þrátt fyrir að varan innihaldi ekki innihaldsefni í þeim styrkleika sem uppgefinn er á merkingum telst varan innihalda nægilegt magn alkóhóls til að vera nægilega virk gegn SARS-CoV-2 veirunni.

Eftirlitið leiddi í ljós að varan uppfyllir ekki skilyrði reglugerðar (EB) nr. 1272/2008 (CLP) sem innleidd er inn í íslenskan rétt með reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.

Um umfang og niðurstöður eftirlitsins, þær kröfur sem gilda um merkingar og öryggisblöð og þau frávik frá tédum kröfum sem eftirlitið leiddi í ljós vísast til meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

**Umhverfisstofnun veitir Mjöll-Frigg ehf. frest til 10. júní til að senda stofnuninni:**

- Afrit af merkimiða sem hefur verið uppfærður í samræmi við skilyrði 20. 21. og 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008 (CLP).
- Afrit af öryggisblaði sem hefur verið uppfært í samræmi við skilyrði liðs 1.1.3.6. I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 (CLP).
- Staðfestingu á að bætt hafi verið úr frávikum vegna áþreifanlegrar viðvörunar á umbúðum vörunnar í samræmi við skilyrði lið 3.2 II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 (CLP).

**Úrbætur skulu sendar Umhverfisstofnun merktar málnúmerinu UST202005-192. Rafræn skjöl sendist á [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is).**

Umhverfisstofnun veitir Mjöll-Frigg ehf. hér með frest til 10. júní nk. til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Vakin er athygli á því að í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga mun Umhverfisstofnun birta á vefsetri sínu upplýsingar um niðurstöður eftirlits og til hvaða úrræða stofnunin hefur gripið jafnóðum og ákvarðanir um slíkt liggja fyrir. Bréf þetta og meðfylgjandi eftirlitsskýrsla verða birt

á vefsetri stofnunarinnar. Telji fyrirtækið að efni í bréfinu eða eftirlitsskýrslunni varði hagsmuni sem njóta eigi leyndar skal fyrirtækið tilkynna um það til Umhverfisstofnunar og rökstyðja ástæður þess að efni skýrslunnar ætti að njóta leyndar fyrir 27. maí nk.

Umhverfisstofnun veur athygli á því að þótt aðeins séu gerðar kröfur varðandi þessa tilteknu vöru gæti verið þörf á úrbótum varðandi fleiri vörur hjá fyrirtækinu til að þær standist kröfur efnalaga eða reglugerða settra á grundvelli þeirra.

Umhverfisstofnun veur einnig athygli á því að samkvæmt XIII. kafla efnalaga er stofnunni heimilt að beita þvingunarúrræðum til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögnum, til að mynda með áminningu sbr. 55. gr., álagningu dagsekta sbr. 56. gr., og stöðvun markaðssetningar sbr. 57. og 58. gr.

Jafnframt er vakin athygli á því að samkvæmt gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 innheimtir stofnunin tímagjald vegna eftirfylgni eftirlits og beitingu þvingunarúrræða, sbr. 30. gr. gjaldskrárinnar. Komi ekki til frekari eftirfylgni eða beitingar þvingunarúrræða í þessu máli verður ekkert gjald innheimt.

Upplýsingar um sæfivörur má finna á vefsíðu Umhverfisstofnunar.

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Hafdísar Ingu Ingvarsdóttur, til að fá nánari upplýsingar um sæfivörur í síma 591 2000 eða í gegnum netfangið [hafdisi@ust.is](mailto:hafdisi@ust.is).

Virðingarfyllst,

Hafdís Inga Ingvarsdóttir  
sérfræðingur

Bergdís Björk Bæringsdóttir  
sérfræðingur